

**From:** Þórhallur Vilhjálmsson <[thorhallurv@althingi.is](mailto:thorhallurv@althingi.is)>

**Sent:** þriðjudagur, 16. nóvember 2021 09:16

**Subject:** Spurningar frá undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa

Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa hefur óskað eftir því að skrifstofa Alþingis leyti svara hjá meðlimum yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi við eftirfarandi spurningum:

1. Í fundargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis frá 25.-26. september 2021 segir „Talningarfólk kom á staðinn um kl. 18.30 og kl. 19.10 hófst flokkun atkvæða og þá var salnum þar sem talið var lokað fyrir utanaðkomandi.“ Af þessu tilefni og með vísan til aðstæðna á Hótel Borgarnesi er óskað upplýsinga um hvernig salnum var lokað, þ.e. hvaða dyrum var lokað, og hvort salnum hafi verið læst.
2. Í samtölum nefndarinnar við starfsfólk talningar kom fram að síðar um kvöldið á kjördag eða um nóttina hafi verklagi við talningu verið breytt. Var upphafi talningarferlis fyrri talningar lýst svo að atkvæði hafi farið í gegnum fjögur borð, þ.e. afstemming atkvæða úr atkvæðakössum hafi farið fram á sérstöku borði, flokkun atkvæða á öðru borði og talning atkvæða á því þriðja. Síðar um kvöldið hafi verklaginu verið breytt þannig að afstemming atkvæða, flokkun þeirra og talning hafi verið öll gerð á einu og sama borðinu, þ.e. hvert borð fór í gegnum allt talningarferlið. Er óskað upplýsinga um hvernig staðið var að þessi ákvörðun, þ.e. hvernig var sú ákvörðun tekin, hver tók hana og hvers vegna ákveðið var að breyta um verklag.
3. Þegar umboðsmenn voru boðaðir til talningar atkvæða á kjördag, klukkan hvað var þeim sagt að talning hæfist?
4. Þegar umboðsmenn voru boðaðir til talningar atkvæða eftir hádegi sunnudaginn 26. september, klukkan hvað var þeim sagt að endurtalningin hæfist?
5. Nefndin hefur fengi þær upplýsingar frá tveimur fulltrúum í yfirkjörstjórn að yfirkjörstjórnin hafi farið yfir flokkun allra C-lista atkvæðabunka milli kl. 13 og 15 sunnudaginn 26. september 2021 og að talning hafi ekki hafist fyrr en talningarfólk hafi mætt á staðinn. Óskað er upplýsinga um hvað var gert milli kl. 13 og 15 þennan dag.

Samhljóða spurningar hafa einnig verið sendar öðrum í kjörstjórn Norðvesturkjördæmis. Þess er óskað að svör berist skrifstofu Alþingis fyrir kl. 17. miðvikudaginn 17. nóvember nk.

Virðingarfyllt,  
f.h. skrifstofu Alþingis.

Þórhallur Vilhjálmsson,  
forstöðumaður lagaskrifstofu.

**From:** [REDACTED] [fulltrúi í yfirkjörstjórn]  
**Sent:** þriðjudagur, 16. nóvember 2021 14:17  
**To:** Þórhallur Vilhjálmsson <[thorhallurv@althingi.is](mailto:thorhallurv@althingi.is)>  
**Subject:** Re: Spurningar frá undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa.

sæll Þórhallur

hér eru svör mín við þessum spurningum

1. Salnum var ekki læst en inngangur í innri salinn var lokaður af með borðum og þar voru starfsmenn yfirkjörstjórnar staðsettir og tóku á móti kjörgögnum. Passað var uppá að engir óviðkomandi færu inní salinn.
2. Eins og áður hefur komið fram í svari til Alþingis þá var undirritaðri ekki kunnugt um að breytt hafi verið um verklag við talningu. Sú ákvörðun var ekki rædd í yfirkjörstjórn.
3. Formaður yfirkjörstjórnar var í samskiptum við umboðsmenn en gengið var útfrá að talning hæfist kl. 22,00.
4. Formaður yfirkjörstjórnar var í samskiptum við umboðsmenn en áætlað var að talning gæti hafist um kl 15,00
5. Eftir að ábending kom frá Landskjörstjórn á sunnudegum milli kl 12-13 var farið í að skoða atkvæðabunka í C kössum og í framhaldi af því var tekin ákvörðun um endurtalningu og talningarfólk kallað út. Á meðan beðið var eftir talningafólki fór undirrituð ásamt fleiri úr yfirkjörstjórn í að taka einn bókstaf í einu og yfirfara bunkana og það var í slíkri yfirferð sem þau atkvæði fundust sem breyttu niðurstöðu milli talninga. Það skal tekið fram að það er rangt sem komið hefur fram og haft er eftir yfirstarfmanni talningafólks að byrjað hafi verið að telja áður en talningarfólk kom á staðinn, það var einungis búið að yfirfara flokkun ekki telja.

**From:** [REDACTED] [fulltrúi í yfirkjörstjórn]  
**Sent:** þriðjudagur, 16. nóvember 2021 15:15  
**To:** Þórhallur Vilhjálmsson <[thorhallur@althingi.is](mailto:thorhallur@althingi.is)>  
**Subject:** Re: Spurningar frá undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa

Sæll Þórhallur

Takk fyrir póstinn, þið eruð búin að standa ykkur vel. Vonandi fer þetta allt að klárast og mér þykir leitt hve mikill tími hefur farið í þetta verkefni.

Mín svör eru svona:

1. Salnum var ekki læst en honum var lokað með borðum sem fulltrúar yfirkjörstjórnar og starfsmenn yfirkjörstjórnar voru við.
2. Formaður yfirkjörstjórnar, starfsmaður yfirkjörstjórnar og starfsmaður talningateymis tóku ákvörðun um breytt verklag.
3. Formaður yfirkjörstjórnar sá um að boða umboðsmenn, get ekki sagt til um tímasetningu.
4. Formaður yfirkjörstjórnar sá um samskipti við umboðsmenn, get ekki sagt til um tímasetningu.
5. Á milli 13-15 var farið yfir stöðuna og tekin ákvörðun um að endurtelja þar sem ljóst var að mistök höfðu átt sér stað í talningu. Þá var farið í að undirbúa endurtalningu, græja borðin og búnað sem þarf að vera til staðar fyrir talningu. Formaður yfirkjörstjórnar sá um að kalla í talningarfólk og umboðsmenn. Töluverður tími fór í að bíða eftir talningarfólki því margir voru að koma frá Akranesi og fólk enn í hvíld eftir talningarnóttina.

Vonandi hjálpar þetta eitthvað en mig minnir að þetta séu sömu spurningar og ég fékk á zoom fundinum.

Gangi ykkur vel.

**From:** [REDACTED] [oddviti yfirkjörstjórnar]  
**Sent:** þriðjudagur, 16. nóvember 2021 16:20  
**To:** Þórhallur Vilhjálmsson <[thorhallurv@althingi.is](mailto:thorhallurv@althingi.is)>  
**Subject:** RE: Spurningar frá undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa

Góðan dag

Svör mín við neðangreindum spurningum eru þessi:

- 1) Inngangnum í sjálfan talningarsalinn var lokað með borðum og þar gat enginn farið inn nema fulltrúar í yfirkjörstjórn eða starfsmaður hennar hleyptu viðkomandi inn. Engum dyrum var læst en fylgst var með því að enginn óviðkomandi kæmi inn á svæðið fyrir framan talningarsalinn fyrr en eftir kl. 22:00 en þar voru alltaf einhverjir fulltrúar úr yfirkjörstjórn staddir m.a. til að taka við kjörkössum.
- 2) Ákveðið var að prófa að breyta um verklag skv. beiðni forsvarsmanns talningarhópsins sem taldi að þá myndi talningin ganga betur. En þegar atkvæðakassar sem komu lengst að úr kjördæminu voru þeir margir og þá var talið að það gæti verið fljótlegra að vinna úr því með því að breyta verklaginu. Þetta var samþykkt af oddvita yfirkjörstjórnar eftir samtöl forsvarsmanns talningarfólksins og starfsmanns yfirkjörstjórnar.
- 3) Kl. 22:00
- 4) Umboðsmönnum var sagt að endurtalning myndi hefjast þegar talningarfólk kæmi á staðinn sem yrði líklega eftir 30 til 60 mín þannig að endurtalningin myndi líklega hefjast um kl. 15:00
- 5) Klukkan rúmlega 13:00 byrjaði yfirkjörstjórn að fara yfir C lista atkvæði þ.e. flokkun þeirra. Þegar kom í ljós að þar var rangt flokkað var farið yfir öll atkvæði í C bunka. Eftir þá yfirferð og þar til kl. 15:00 fór tími oddvita að mestu í það að boða talningarfólk og umboðsmenn til endurtalningar. Aðrir fulltrúar í yfirkjörstjórn munu hafa farið yfir flokkun atkvæða að einhverju leyti og gerðu klárt fyrir endurtalningu.

**From:** [REDACTED] [fulltrúi í yfirkjörstjórn]

**Sent:** miðvikudagur, 17. nóvember 2021 09:33

**To:** Þórhallur Vilhjálmsson <[thorhallurv@althingi.is](mailto:thorhallurv@althingi.is)>

**Subject:** Svör við spurningum

1. Hurð að aðalinngangi inn í fremri sal var ekki læst. Einungis þeir sem komu með kjörkassa frá kjördeildum fengu að koma inn í fremri salinn þar sem yfirkjörstjórnar fulltrúar tóku við kjörkössum/kjörgögnum. Inn í talningarsal var lokað af með borðum. Alltaf á þessum tíma voru einhverjir fulltrúar yfirkjörstjórnar bæði inn í talningarsal og í fremri sal meðal annars til að taka við gögnum frá kjördeildunum. Umboðsmönnum var ekki hleypt inn fyrir en kl 22:00.

2. Mér var ekki kunnugt um þessa breytingu hún var ekki borin sérstaklega upp við nefndarmenn. Formaður yfirkjörstjórnar, starfsmaður yfirkjörstjórnar og forsvarsmáður talningar hópsins tóku ákvörðun um breytt verklag.

3. Formaður yfirkjörstjórnar var alfarið í sambandi við umboðsmenn flokka, ég tel víst að hann hafi látið þá vita að það væri kl 22.00 þar sem það var sá tími sem opnað var fyrir aðgang umboðsmanna að talningarstað.

4. Eins og í svari við spurningu 3 þá var formaður yfirkjörstjórnar alfarið í sambandi við umboðsmenn. Ég get ekki sagt um hvaða tíma formaður gaf upp við umboðsmenn. En okkar á milli var talað um að talning ætti að geta hafist upp úr kl 15:00.

5. Rúmlega eitt var tekin umræða í nefndin um ábendingar til formanns yfirkjörstjórnar frá landskjörstjórn um hugsanlega endurtalningu í tveimur kjördæmum. Ákveðið var í framhaldi af því fletta í gegnum kjörseðla í C kassa, það var gert og komu þá fljótlega í ljós flokkunarvillur. Í framhaldi af því var rætt um hvort fara ætti í endurtalningu sem allir nefndarmenn voru sammála um að gera. ( eins og áður hefur komið fram) Upp úr kl 13:30 fór formaður yfirkjörstjórnar í það að hringja í talningarfólk og eftir það í umboðsmenn flokka.

Aðrir fóru í undirbúning. Eftir að búið var að undirbúa og gera klárt á talningarborðum fyrir endurtalningu fór nokkur tími í að bíða eftir talningarfólki. Fulltrúar yfirkjörstjórnar ákváðu að nýta þann tíma til að fletta í gegnum nokkra atkvæðabunka og skoða flokkun.

Tekið skal fram að engin talning fór fram fyrir en talningarfólk var mætt á staðinn.